

Sigrún Hannesdóttir
Steinunn Kristjánsdóttir

Grafið í rústir Þingeyraklausturs

Áfangaskýrsla 2020



Reykjavík 2020

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Grunnupplýsingar | 2 |
| Útdráttur | 4 |
| Abstract | 4 |
| 1. Forsaga rannsóknar | 5 |
| 1.1. Ágrip af byggingarsögu Þingeyra | 5 |
| 1.2. Fyrri rannsóknir | 8 |
| 2. Stjórnsýsla og fjármögnun | 10 |
| 3. Aðrar almennar upplýsingar..... | 10 |
| 4. Uppmælingarkerfi | 11 |
| 5. Stærð og umfang uppgrafar og aðferð á vettvangi..... | 11 |
| 6. Lýsing mannvirkja | 12 |
| 7. Gripir..... | 17 |
| 8. Landslag, gróður og jarðgrunnur | 20 |
| 9. Miðlun..... | 20 |
| 10. Túlkun og niðurstöður..... | 20 |
| 11. Áætlað framhald rannsóknar..... | 20 |
| 12. Skrár..... | 21 |
| 12.1 Fundaskrá..... | 21 |
| 12.2 Teikningaskrá..... | 34 |
| 12.3 Ljósmyndaskrá..... | 40 |
| 12.4 Niðurstöður C-14 greininga | 50 |
| Heimildaskrá | 60 |
| Myndaskrá..... | 61 |

Þakkir

Valgerði Valsdóttur og öðrum landeigendum á Þingeyrum eru færðar þakkir fyrir að leyfa uppgröft á jörð sinni. Þá er Skúla Pálssyni mælingamanni hjá Verkís þakkað fyrir endurgjaldslaust lán á alstöð meðan á uppgrefti stóð. Eins eru þakkir færðar til sóknarnefndar Þingeyrakirkju sem kom því í kring að grafir, sem fundust við uppgreftinn og reyndust frá 20. öld, væru fluttar í núverandi kirkjugarð rannsókninni að kostnaðarlausu. Stefáni Pálssyni gröfumanni frá Blönduósi er sömuleiðis þakkað fyrir vandaða vinnu og fyrir að miðla af þekkingu sinni um héraðið. Að lokum er hjónunum Jóhannesi Torfasyni og Elínu S. Sigurðardóttur á Torfalæk færðar þakkir fyrir gestrisni sína en uppgrafarhópurinn dvaldi hjá þeim í ágúst.

© Reykjavík: höfundar, 2020

Forsíðumynd: Nærmynd af torfi frá klausturtíma, Sigrún Hannesdóttir.

Rannsóknin var styrkt af RÍM.

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer

201502-0039

ÞJMS númer

2020-26

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun

Þingeyrar 144733 169-4. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga (2006). *Fornleifaskrá Þingeyra*. Rannsóknarskýrslur 2006/50. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Stutt lýsing rannsókna

Fornleifauppgröfur á Þingeyrum í Húnaþingi

Tegund rannsókna

Vísindarannsókn

Staðsetning

Þingeyrar, Sveinstaðahreppi, Húnaþingi



GPS hnit

SV: 562370.621, 435204.572

NV: 562381.742, 435208.812

SA: 562367.163, 435213.853

NA: 562378.422, 435218.076

Rannsóknartími

10.–28. ágúst

Leyfishafi

Dr. Steinunn Kristjánsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Fimm starfsmenn, fjórir fornleifafræðingar og einn fornleifafræðinemi.

Útdráttur

Fornleifauppgröftur fór fram í annað sinn á Þingeyrum í Húnaþingi dagana 10.–28. ágúst árið 2020. Þessi áfangi verkefnisins var styrktur af RÍM-sjóðnum sem hefur það að markmiði að efla rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda. Umfangsmikil bókagerð fór fram í Þingeyraklaustri á rekstrartíma þess og talið er að mörg af merkustu íslensku miðalda-handritunum hafi verið framleidd þar. Fornleifauppgröfturinn sumarið 2020 sneri þannig meðal annars að því að kanna eðli og umfang ritmenningar í Þingeyraklaustri. Sem áður var markmið rannsóknarinnar þó einnig að rannsaka hvers konar mannvistarleifar sem varpað gætu ljósi á daglegt líf og rekstur klaustursins. Við uppgröfinn kom í ljós þykkur og vel varðveittur veggur frá klausturtíma sem kann að hafa tilheyrt sjálfri klausturkirkjunni en einnig yngri mannvistarleifar þ.á m. torfveggur frá 19. öld og grafir frá 20. öld.

Abstract

Archaeological excavations were carried out at Þingeyrar in Húnaþingi county for the second time during the period 10–28 August 2020. The excavation took place in the same area as in 2018 but it was reduced by two meters from the north, so it was 10x7 m². During the excavation, a thick and well-preserved turf wall dating to the monastic period was found. The wall lies in NV/SA across the excavation area. Resistance survey previously carried out in the area has revealed the outlines of a possible church situated there, but further research is needed to determine the nature of the wall. In addition to the wall from the monastic period, a 19th century turf wall which was found in 2018 was excavated. This wall has been disturbed by two concrete burials with wooden and iron roofs, constructed in the early 20th century. As the excavation area is situated within the old cemetery at Þingeyrar, the whole area is in fact disturbed by recent burials. Five graves were excavated in 2020 but the human remains were moved to the present cemetery at Þingeyrar apart from disturbed bones from an infant which were retrieved from one of the concrete burials.

1. Forsaga rannsókna

Skýrsla þessi greinir frá framvindu rannsókna á Þingeyrum í Húnaþingi sumarið 2020 en dagana 10.–28. ágúst fór þar fram fornleifauppgröftur í annað sinn. Forkannanir voru gerðar á svæðinu á árunum 2014–2017 en fornleifauppgröftur fór fyrst fram sumarið 2018. Þessi áfangi rannsóknarinnar var fjármagnaður með styrk frá RÍM-verkefninu sem hefur það að markmiði að efla rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda. Mörg af merkustu íslensku miðaldahandritunum, svo sem Konungsbók eddukvæða, Ormsbók Snorra-Eddu með málfræðiritgerðunum, Íslenska teiknibókin, Ólafs sögur Tryggvasonar og Þorláks saga B, hafa verið tengd Þingeyraklaustri og vitað er að þar störfuðu margir nafngreindra höfundar, þar á meðal Oddur Snorrason, Karl Jónsson Lárentíus Kálfsson, Árni Lárentíusson, Bergur Sökkason, Einar Hafliðason og Arngrímur Brandsson. Við fornleifarannsóknir á Þingeyraklaustri árið 2020 var því einkum lögð áhersla á að rannsaka leifar bókagerðar í klaustrinu en einnig aðrar minjar sem varpað gætu ljósi á daglegt líf og rekstur klaustursins.

1.1. Ágrip af byggingarsögu Þingeyra

Talið er að kirkja hafi verið reist á Þingeyrum um árið 1112 með það að markmiði að stofna þar klaustur. Fyrsti ábótinn tók hins vegar ekki til starfa fyrr en 1133 og hófst rekstur klaustursins þar með. Óvíst er hvort kirkja þessi hafi verið notuð sem klausturkirkja eða hvort að önnur kirkja var reist til að þjóna því hlutverki. Í öllu falli er talið að klausturhúsin og kirkjan hafi brunnið árið 1157 og voru þau sennilega endurbyggð að fullu skömmu eftir stofnun klaustursins (Finnur Jónsson 1778, bls. 31). Ólíklegt verður ennfremur að teljast að hús og kirkja Þingeyraklausturs hafi staðið í óbreyttri mynd allt til lokun þess árið 1551 en rekstur þess hafði þá staðið yfir í meira en fjórar aldir. Heimildir geta þess t.a.m. að árið 1314 hafi nýrri framkirkju verið bætt við klausturkirkjuna og hún vígð sérstaklega af því tilefni (Jón Espólín 1821, bls. 36). Lítið kemur annars fram í rituðum heimildum um útlit og gerð Þingeyraklausturskirkju, né klausturhúsanna sjálfra. Í Sigurðarregisteri frá árinu 1525 segir þó að í kirkjunni hafi verið fjögur útölturu auk eins háaltaris (DI IX, bls. 312–313) en það bendir til þess að hún hafi verið nokkuð umfangsmikil. Eins kann kapítulainnsigli klaustursins að gefa vísbendingu um útlit kirkjunnar að utan en innsiglið sýnir gafl kirkju í rómönskum stíl með turna hvoru megin við innganginn (Steinunn Kristjánsdóttir 2017, bls. 100; mynd 1).




Mynd 1. Kapitulainnsigli Þingeyraklausturs.

Í öðrum heimildum er aðeins getið á um skála í Þingeyraklaustri (DI VI, 658–659), conventu (Lárentíus saga 1998, bls. 332) og stöpul (DI III, bls. 184–186), sem var sennilega eins konar frístandandi kirkjuturn. Ekki er vitað hvað átt er við með conventu en conventa ætti samkvæmt ströngustu merkingu þess orðs að vera klaustrið sjálft. Í próventusamningum eru einnig nefnd sérstök próventuhús (DI IV, bls. 635–636; DI V, bls. 417; DI IX, bls. 426), en ekki er ljóst hvort þau voru samtengd klausturhúsunum sjálfum eða hvort þau stóðu stök á öðrum stað í túninu.

Eftir siðaskiptin í Hólabiskupsumdæmi árið 1551 færðist Þingeyraklaustur, sem og aðrar klausturjarðir, í eign konungs. Rekstri klaustranna var þar með hætt. Fluttu umboðsmenn hans, sem sáu um jarðagóss þeirra, oft á klausturjarðirnar og bjuggu í þeim húsum sem þar stóðu þá þegar (Steinunn Kristjánsdóttir 2017, bls. 36–37). Ekki er vitað hversu miklar breytingar voru gerðar á klausturhúsunum á Þingeyrum við þessi umskipti en klausturkirkjan var þó sennilega í notkun allt til ársins 1619 þegar Páll Guðbrandsson sem þá sat á jörðinni lét byggja nýja kirkju úr torfi og grjóti. Það var vegna þess að árið 1608 hafði konungur gefið út tilskipun þess efni að eftirstandandi klausturkirkjur skyldu rifnar þar sem þær væru of stórar og dýrar í rekstri (Vestfjarðarannáll elzti, bls. 56; Vestfjarðarannáll yngri, bls. 101; DI XIII, bls. 480–481). Aðeins nokkrum áratugum síðar, árið 1695, lét Lauritz Gottrup sem þá hafði klausturumboð rífa kirkju Páls og byggja nýja útbrotakirkju úr timbri. Kirkjan var 13 m löng með steinlögðum gangi. Gottrup réðst einnig í ýmsar aðrar framkvæmdir og lét endurbyggja bæjarhúsin. Barnabarn Gottrups sem dvaldi á Þingeyrum í æsku sagði bæjarhúsin hafa verið í anda danskra herragarða (Ólafur Gíslason 1916, bls. 59, 62–63). Slíkar byggingar sóttu einmitt fyrirmynd til klaustra og þess vegna hefur því verið velt upp hvort bæjarhúsin hefðu verið byggð ofan í rústir klaustursins (Steinunn Kristjánsdóttir 2017, bls. 101).

Snemma á 19. öld fékk Björn Olsen Þingeyraklaustursumboð og lét hann gera upp húsakost staðarins að miklum hluta. Björn lét einnig rífa niður kirkju Gottrups og byggja í

hennar stað torfkirkju um árið 1817 (Steinunn Kristjánsdóttir 2017, bls. 102). Sonur Björns, Runólfur, tók við jörðinni að honum látnum (Guðrún Harðardóttir o.fl. 2006, bls. 268). Varðveitt teikning Runólfs af Þingeyrum frá árinu 1898 sýnir að kirkja Björns var staðsett nokkrum metrum sunnan við reitinn þar sem klausturkirkjan stóð en ekki norðar á túninu eins og áður hafði verið talið. Búast má við því að kirkja Páls hafi einnig verið staðsett þar. Teikningin sýnir einnig að kirkjugarðsveggurinn sem lá umhverfis kirkju Björns var áföst bæjarhúsunum (Steinunn Kristjánsdóttir 2017, bls. 110).



Mynd 2. Túnakort af Þingeyrum frá 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.


Ásgeir Einarsson fluttist að Þingeyrum 1861 og lét hann reisa steinkirkjuna sem stendur enn. Hún var vígð 9. september 1877 en fyrst var jarðsett við hana árið 1914 (Guðrún Harðardóttir o.fl. 2006, bls. 270). Þá hafi að öllum líkindum verið jarðað í gamla kirkjugarðinum í átta aldir en hann var sléttaður út og gerður að túni eftir að hjónin Jón Sigurður Pálmason og Hulda Á. Stefánsdóttir keyptu Þingeyrar árið 1915. Hulda flutti þangað árið 1923 og segir hún í æviminningum sínum að garðurinn hafi verið sléttaður um það leyti (Hulda Á. Stefánsdóttir 1987, bl. 62–66). Hluti bæjarhúsa Björns stóðu allt til ársins 1924 þegar þau brunnu. Geymsluhús og hjallur sem þá hafði verið bætt við sluppu við eldinn og standa enn, þó í nokkuð breyttri mynd (Hulda Á. Stefánsdóttir 1987, bl. 62–66; Guðrún Harðardóttir o.fl. 2006, bls.

268–269). Á túnakorti frá árinu 1919 má sjá staðsetningu bygginga á fyrri hluta 20. aldar; nyrst á kortinu er kirkja Ásgeirs og kirkjugarður. Uppgraftarsvæðið er staðsett innan gamla kirkjugarðsins sem merktur er á miðju kortinu (mynd 2).

1.2. Fyrri rannsóknir

Leit að klausturrústunum hófust með fjarkönnunum árið 2014 og sumarið eftir voru gerðir tveir könnunarskurðir á eyðijörðinni Trumbsvölum þar sem munnmæli voru um að klaustrið hefði staðið (Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir 2014, bls. 2–3; Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2014, bls. 6–8). Niðurstöður könnunarskurðanna þóttu hins vegar ekki benda til þess að klaustrið hefði staðið á Trumbsvölum og því var gerður einn könnunarskurður á sjálfum Þingeyrabænum árið 2015. Skurðurinn var gerður í rúst aflangrar byggingar í túninu skammt norðan við bæjarstæðið sem kom í ljós við jarðsjármælingar sem Fornleifastofnun Íslands og Háskólinn í Vín stóðu fyrir árin 2012 og 2014 (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015, bls. 9–12). Byggingin horfir í austur/vestur og á eystri gafl hennar er hálfhringlaga viðbygging. Rúst þessi var því túlkuð sem kirkja með kór (Coolen, Joris og Mehler, Natascha 2015, bls. 19–22; mynd 3). Í könnunarskurðinum var komið niður á vegg þessarar rústar sem reyndist þykkur torfveggur með hvítri gjósku úr Heklugosi árið 1104. Með tilliti til aldurs rústarinnar og umfangs var hægt að útiloka að hún væri af annarri kirkju en klausturkirkjunni enda er rústin stærri en nokkur þeirra kirkna sem vitað er að stóðu á Þingeyrum eftir klausturtíma (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015, bls. 9–12).

Árið 2016 voru grafnir fjórir könnunarskurðir þar sem jarðsjármælingar höfðu bent til mannvirkja; einn skurður var gerður í það sem virtist vera kirkjugarðsveggur og reyndist samtíma klausturkirkjunni, tveir voru gerðir á miðju túninu norðan við gamla bæinn og leiddu í ljós grafir frá klausturtíma og yngri torfvegg. Einnig var gerður skurður upp við gamla bæinn en í honum fundust mannvistarleifar frá klausturtíma sem og eldri minjar (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2016). Tveir könnunarskurðir til viðbótar voru teknir árið 2017 í því skyni að staðsetja eystri og vestari mörk klaustursvæðisins. Leifar byggingar úr klasturhúsunum og móöskuhaugur komu í ljós komu í ljós í vestari skurðinum en í eystri skurðinum fundust leifar smiðju. Í eystri skurðinum fundust einnig leifar kirkjugarðs frá 11. öld sem benda til þess að jarðað hafi verið á Þingeyrum áður en klaustrið var stofnað (Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser 2017; mynd 4).



Mynd 3 (t.v.) Niðurstöður jarðsjármælinga á Pingeyrum; **Mynd 4** (t.h.) Loftmynd af túninu á Pingeyrum. Á báðum myndunum er staðsetning könnunarskurða sem teknir voru á árunum 2015–2017 merkt inn.

Í júní 2018 fór í fyrsta sinn fram fornleifauppgröftur á Pingeyrum (sjá Steinunn Kristjánsdóttir 2018; mynd 7). Grafið var á 7x12m² svæði þar sem forkannanir höfðu bent til að kór klausturkirkjunnar væri staðsettur. Við uppgröftinn komu fjótlega í ljós miklar minjar frá 20. öld, þ. á m. tvö steipt mannvirki sem höfðu verið fyllt upp með úrgangi. Mannvirki þessi komu nokkuð á óvart enda minntist enginn þeirra sem þekkja til jarðarinnar að steiptar byggingar hefðu verið á þessum stað. Þrátt fyrir mikil heilabrot fannst engin skýring á mannvirkjunum tveimur þar til sumarið 2020 þegar í ljós kom að þau eru grafhýsi. Þau höfðu verið byggð ofan í rúst byggingar sem virtist vera frá tíma Björns M. Ólsens en hann lét sem áður segir endurbyggja öll hús á Pingeyrum, bæði íveru- og útihús, um það leyti sem hann tók við sem staðarhaldari árið 1804. Þessar yngri rústir hægðu nokkuð á rannsókninni og ekki náðist að rannsaka þær sem eru frá klausturtíma sumarið 2018. Þó fundust nokkrir gripir sem tengja mátti klaustrinu í uppmokstri úr yngri gröfum. Þar á meðal voru bænaperlur og kambur úr kopar.



Mynd 5. Torfveggur í vestursniði grafar sem grafin var upp sumarið 2018. Í torfinu er mikið af hvítri gjósku úr Heklugosi 1104.

Tekin var sú ákvörðun sumarið 2018 að opna eina af þeim fjölmörgu gröfum sem í ljós komu innan uppgraftarsvæðisins. Opnuð var gröf í suðaustur horni svæðisins og kom þá í ljós að hún var frá árinu 1922. Í öllum sniðum grafarinnar var veggur úr litríku torfi, sambærilegu því sem hafði fundist í könnunarskurðum árin áður og aldursgreint til klausturtíma. Því virðist sem að gröfin hafi verið tekin í miðjan klausturvegg. Í sniðum grafarinnar sást bæði hversu djúpt klausturminjarnar liggja og hversu vel varðveittar þær eru en um tveir metrar eru frá yfirborði og þar til að komið er niður að klausturminjunum og eftirstandandi veggur er meira en metri á hæð (mynd 5). Eins og áður segir náðist þó ekki að grafa niður á vegginn víðar á svæðinu í þessum áfanga rannsóknarinnar.

2. Stjórnslá og fjármögnun

Rannsóknin var fjármögnuð með styrki frá verkefninu RÍM sem úthlutað var vorið 2020. Tilskilin leyfi landeiganda og frá Minjastofnun Íslands fengust fyrir rannsókninni.

3. Aðrar almennar upplýsingar


Fornleifauppgröftur á Þingeyrum sumarið 2020 fór fram dagana 10.–28. ágúst. Steinunn Kristjánsdóttir (SK) stjórnaði rannsókninni en aðrir starfsmenn voru Ómar Valur Jónasson (ÓVJ), Indriði Skarphéðinsson (IS) og Sigrún Hannesdóttir (SH) fornleifafræðingar og Almar Smári Óskarsson (ASÓ) fornleifafræðinemi. Eftir vettvangsrannsókn sá Sigrún um frágang, ljósmyndun og skráningu gripa en Ómar sá um vinnslu teikninga í QGIS.

4. Uppmælingarkerfi

Öll teiknilög og einingar innan þeirra (t.d. jarðlög, steinar og byggingarhlutar) voru mæld upp með alstöð (Trimble). Staðsetning gripa var jafnframt mæld upp með alstöð. Mælingunum var hlaðið inn í gagnagrunn Intrasis í lok hvers dags. Tekningar voru unnar í QGIS.

5. Stærð og umfang uppgrftar og aðferð á vettvangi

Uppgröfturinn árið 2020 fór fram á sama svæði og árið 2018 en það var þó minnkað um tvo metra úr norðri og var svæðið þá 10x7 m² metrar (myndir 6 og 7). Árið 2018 hafði svæðinu verið skipt upp í tvo reiti sem auðkenndir voru með bókstöfunum A og B og á hvorum reiti fyrir sig var svo grafið í flötum, 5 cm teiknilögum. Mismörg teiknilög höfðu verið grafin í reitunum tveimur og sumarið 2020 var skiptingu svæðisins því haldið fyrst um sinn, á meðan reitirnir voru jafnaðir út. Eftir að reitur B hafði verið grafinn niður í sömu hæð og reitur A voru reitirnir sameinaðir og svæðið allt auðkennt með bókstafnum C.



Mynd 6 (t.v.)
Niðurstöður jarðsjármælinga á Þingeyrum;

Mynd 7 (t.h.)
Loftmynd af túninu á Þingeyrum sem sýnir uppgriftarsvæðið 2018 og 2020. Á báðum myndunum er staðsetning könnunarskurða sem teknir voru á árunum 2015–2017 merkt inn.

Sömu uppgriftaraðferð var beitt og sumarið 2018; grafið var í flötum, 5 cm þykkum teiknilögum og var hvert slíkt lag sem og einingar innan þess mæld upp með alstöð. Undantekning á þessari aðferð var gerð þegar grafir voru grafnar upp og var þá stuðst við


einingaaðferð. Fylling úr könnunarskurðinum frá árinu 2015 sem er innan svæðisns var grafin burt með vélgröfu.

6. Lýsing mannvirkja

Sumarið 2020 voru grafnar leifar tveggja mannvirkja frá mismundandi tímum, annað frá 19. öld en hitt frá klausturtíma. Leifar yngra mannvirkisins [15532] komu í ljós á sumarið 2018 og voru að mestu leyti grafnar burt. Þær eru út torfi og voru túlkaðar sem leifar bygginga frá tíma Björns M. Ólsens, þ.e. frá fyrri hluta 19. aldar (mynd 8).

1:50

Teiknilag B-11



0 1 2 m

Þingeyraklaustur 2020-26
25.09.2020
ISN 93 / EPSG: 3057
Ómar Valur Jónsson

Mynd 8. Teiknilag B-11. Torfveggurinn [15532] tilheyrði sennilega byggingu frá tíma Björns M. Ólsens sem gerði upp húsakost Þingeyra á fyrri hluta 19. aldar. Teikning eftir ÓVJ.



Mynd 9. Steypt grafhýsi með þaki nyrst á uppgraftarsvæðinu. Grafhýsið er um tveir metrar á breidd en þar er aðeins ein kista. Ljósmynd. IS.

Leifar veggisins sem grafinn var sumarið 2020 var mjög raskaður af steypu grafhýsunum en þau voru með þaki úr timbri og járn [15481] og reist á svæðinu á fyrstu áratugum 20. aldar (mynd 9). Annað grafhýsið var rannsakað sérstaklega sumarið 2020. Það er um tveir metrar á breidd og hefði getað rúmað tvær kistur en þar er þó aðeins einn einstaklingur grafinn. Í kringum grafhýsið var mikið um hreyft torf og grjót sem hefur færst þangað þegar gröfin var gerð. Í gröfinni fundust, auk kistu frá fyrri hluta 20. aldar, illa varðveitt og hreyfð bein ungabarns en þau hafa sennilega færst þangað úr eldri gröf. Sýni úr þeim voru send til kolefnisaldursgreiningar en samkvæmt niðurstöðum hennar er sennilegast að þau séu frá 18. eða 19. öld.¹

Svæðið allt er raunar töluvert raskað af yngri gröfum enda er það staðsett innan gamla kirkjugarðsins. Þrátt fyrir að nýi kirkjugarðurinn sem liggur við núverandi kirkju á Þingeyrum hafi verið tekinn í notkun árið 1914 þá leiddi gröfin sem grafinn var upp árið 2018 í ljós að í

¹ Sjá nánar kafla 12.4, bls. 54–55.

einhverjum tilfellum grafið í gamla kirkjugarðinn eftir það en þó varla eftir að hann var sléttaður út og gerður að túni.

1:60


Þingeyrarklaustur 2020-26



Mynd 10. Grafir sem teknar hafa verið upp á Þingeyrum. Gröf 1 var opnuð sumarið 2018 en grafir 2–4 voru opnaðar sumarið 2020. Kistan í gröf 3 var merkt Elínborgu Margréti Jónsdóttur og kistan í gröf 4 var merkt Jóni Ólafssyni. Einnig var grafið í steypugröfina nyrst á svæðinu en kistan í henni var ekki tekin upp. Teikning eftir ÓVJ.

Alls var grafið í fimm grafir sumarið 2020 (mynd 10) en hjá því var ekki komist vegna staðsetningar þeirra í klausturrústinum. Á tveimur kistum sem fundust í þeim voru hjartalaga koparskildir með áletruðum nöfnum hinna látnu sem og fæðingar- og dánardegi þeirra. Þau voru Elínborg Margrét Jónsdóttir, d. 1914 og Jón Ólafsson, d. 1910. Engir skildir voru í hinum þremur gröfunum og því ekki hægt að segja til um nákvæman aldur þeirra en ætla má að þær hafi einnig verið frá fyrri hluta 20. aldar. Bein úr fjórum gröfum voru færð í beinakassa og afhent sóknarnefnd Þingeyrakirkju sem sá síðan um að koma þeim fyrir í nýja kirkjugarðinum. Kista og bein úr steypu gröfni í N-horni svæðisins voru lätin liggja óhreyfð fyrir utan bein ungarbarnsins. Fleiri grafir eru á svæðinu, þar á meðal er önnur gröf með steyptri umgjörð, en ekki var grafið í þær að þessu sinni.

Sem áður segir kom veggur frá klausturtíma í ljós í sniðum grafar sem opnuð var sumarið 2018. Ljóst er að sá veggur [17005]/[19428] liggur í NV/SA átt þvert yfir uppgrafarsvæðið en hann er nokkuð raskaður af yngri gröfum, m.a. þeim sem grafnar voru upp (myndir 11 og 12).



Mynd 11 (efri). Teiknilag C-6. Teikning eftir ÓVJ; **Mynd 12** (neðri). Loftmynd af teiknilagi C-5. Ljós. ÓVJ.

Í könnunarskurðinum sem var tekinn í miðjan vegginn árið 2015 fundust einnig illa varðveitt mannabein. Þau voru kolefnisaldursgreind og reyndust vera frá klausturtíma (Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 3–5). Þrátt fyrir að veggurinn sé svo raskaður af gröfum eru eftirstandandi hlutar hans vel varðveittir og eru þeir víða meira en metri á hæð (mynd 5). Eins komu þrjár stoðarholur í ljós en þær eru allt að einum metra í þvermál hver. Þá fundust þar dýrabein sem send voru í kolefnisaldursgreiningu og reyndust þau vera frá þrettánda eða fjórtánda öld (1286–1398)² en það styður við fyrri niðurstöður að mannvirkid sé frá klausturtíma á Þingeyrum. Sem stendur er þó erfitt að segja til um gerð mannvirkisins sem veggurinn tilheyrir en fróðlegt væri að stækka svæðið og fylgja honum eftir. Einnig er vonast til þess að með frekari uppgreftri finnist gólflög eða mannvistarlag sem getur varpað ljósi á eðli mannvirkisins en ljóst er að þau kunna að vera á miklu dýpi.




Mynd 13. Loftmynd af túninu norðan við uppgraftarsvæðið sem sýnir óþekktar rústir og garðlög. Ljós. ÓVJ.

Meðan á uppgrefti stóð voru myndir teknar af túninu norðan við uppgrafstarstæðið með dróna (mynd 13). Af myndunum að dæma eru óþekktar rústir þar og garðlög sem hafa horfið við ræktun túnsins síðan það var fyrst sléttað um 1925. Þetta gefur tilefni til frekari yfirborðskannana og rannsókna innan þess.

² Sjá nánar kafla 12.4, bls. 56–57.

7. Gripir

Alls voru skráð 239 gripanúmer sumarið 2020 en það eru töluvert færri gripanúmer en sumarið 2018. Staðsetning allra gripa var mæld með alstöð er þannig hægt að framkvæma rýmisgreiningu (mynd 14). Af gripaflokkum voru naglar algengastir en alls samtals voru skráðir 52 naglar; 50 úr járni og tveir úr kopar.



Mynd 14. Tekning sem sýnir dreifingu gripa eftir efni innan uppgriftarsvæðisins á Þingeyrum. Teikning eftir ÓVJ.

Að nöglum undanskildum voru leðurbútar algengastir en þeir voru samtals 23. Þeirra á meðal voru tveir skósólar og leðurbútur sem líkist bókarkápu. Bútur úr leðrinu var sendur í kolefnisaldursgreiningu sem leiddi í ljós með 82.6 % vissu að hann væri frá tímabilinu 1430–1522³, þ.e. frá klausturtíma (mynd 15). Því er frestandi að túlka hann sem leifar frá bókagerð bræðranna í Þingeyraklaustri þótt erfitt sé að staðfesta það að svo stöddu. Búturinn fannst í

³ Sjá nánar kafla 12.4, bls. 50–51.

hreyfðu jarðlagi við hreinsun á svæðinu á fyrsta degi uppgrafar en hann hefur sennilega róstast til með uppmokstri úr gröf á síðari árum. Auk leðurs var textíll algengur og voru alls 13 textílbútar skráðir eftir sumarið. Aðrir algengir gripaflokkar voru m.a. leirkersbrot og brot úr krítarpípum.



Mynd 15. Leðurbútur sem líkist bókarkápu. Kolefnisaldursgreining leiddi í ljós að hann er frá klausturtíma. Búturinn er um 220x170 mm. Gripanr. 2020-26-1.

Ýmsir aðrir áhugaverðir munir fundust við uppgröft sumarið 2020. Þar á meðal voru ávaxtasteinar, sennilega úr sveskjum, sem sendir voru í kolefnisaldursgreiningu og reyndust vera frá 17. eða 18. öld⁴ (mynd 16). Einnig fannst nokkurs konar skreyti úr kopar sem kann að hafa hangið á kistli eða öðrum viðarmun. Skreytið samanstendur af stöfum (bók- eða tölustöfum) í gotneskum stíl með bandi að ofan og neðan. Ekki hefur verið ráðið í stafina enda sennilegt að einhverja stafi vanti beggja megin (mynd 17). Annar athyglisverður gripur sem vert er að nefna er þunnur viðarbörkur með þrykktu blómamynstri. Hlutverk barkarins er óljóst en hugsast getur að hann hafi verið notaður til að binda bók. Kolefnisaldursgreining hefur leitt í ljós að hann er frá 15.–17. öld⁵ (mynd 18).

⁴ Sjá nánar kafla 12.4, bls. 52–53.

⁵ Sjá nánar kafla 12.4, bls. 58–59.



Mynd 16. Ávaxtasteinar. Gripanr. 2020-26-58.



Mynd 17. Kóparskreyti með gotnesku lettri. Gripanr. 2020-26-145.



Mynd 18. Trjábörkur með upphleyptu mynstri. Gripanr. 2020-26-200.

8. Landslag, gróður og jarðgrunnur

Uppgraftarsvæðið á Þingeyrum er mitt í gamla kirkjugarðinum á Þingeyrum sem var sléttaður um 1923 og þá nýttur sem tún bæjarins. Hæð svæðisins yfir sjávarmáli er um 23.3 metrar. Á Þingeyrum er mikil jarðvegsþykknun en sem dæmi má nefna að um tveir metrar voru að jafnaði frá yfirborði þar til að komið var niður á leifar klausturveggsins.

9. Miðlun

Ljósmyndum var deilt á Facebooksíðu verkefnisins Grafið í rústir Þingeyraklausturs / Excavation at Þingeyrar monastic site nær daglega meðan á rannsókninni stóð og var þannig reynt að ná til breiðs hóps fólks, almennings jafnt sem fornleifafræðinga. Allar skýrslur í tengslum við Þingeyraverkefnið eru í opnu aðgangi á heimasíðu umsjónarmanns (<https://notendur.hi.is/sjk/>). Samhliða fornleifarannsóknum á Þingeyrum verður gerð úttekt á bókakosti klaustursins út frá rituðum heimildum og er stefnt að því að hanna stafrænt bókasafn sem verður haft í opnum aðgangi á netinu.

10. Túlkun og niðurstöður

Þrátt fyrir að uppgraftarsvæðið á Þingeyrum sé töluvert raskað af yngri gröfum er þar vel varðveittur veggur frá klausturtíma, ásamt stoðarholum. Veggurinn nær þvert yfir uppgraftarsvæðið og hefur verið um tveir metrar að þykkt og má því ætla að hann hafi tilheyrt umfangsmikilli byggingu. Vel getur hugsast að hann hafi tilheyrt klausturkirkjunni sjálfri eins og niðurstöður jarðsjármælinga sem gerðar voru árið 2014 þóttu benda til. Ljóst er þó að opna þarf stærra uppgraftarsvæði ef skýrari mynd á að fást af byggingarleifunum.

11. Áætlað framhald rannsókna

Áætlað er að fornleifauppgröftur fari fram á Þingeyrum næstu sumur. Áfram verður athygli beint að klausturkirkjunni en einnig er vonast til þess að hægt verði að staðsetja og grafa í öskuhauga frá klausturtíma sem og hluta klausturhúsanna. Því er stefnt að frekari fjarkönnunum í túninu og jafnvel ásamt töku könnunarskurða og borkjarna. Samhliða fornleifauppgreftri er stefnt að rannsóknum á handritamenningu klaustursins út frá skjallægum heimildum og varðveittum handritum.

12. Skrár

12.1 Fundaskrá

Þingeyrar 2020-26

Leyfisnúmer: 201502-0039

Gripaskrá

| Safnnr. | Intrasis nr. | Dags. | Teiknilag | Gripur | Efni | Lengd (mm) | Breidd (mm) | Þykkt (mm) | Þyngd (gr) | Lýsing |
|------------|--------------|-------|-----------|--------------|---------|------------|-------------|------------|------------|--|
| 2020-26-1 | | 10/8 | Hreinsun | Leður-bútur | Leður | 220 | 170 | 2 | 74 | Ferkantaður leðurbútur með götum. Mögulega bókarkápa. |
| 2020-26-2 | | 11/8 | Hreinsun | Kopar-bútur | Kopar | 12 | 7 | 1 | <1 | Lítill koparbútur með gati. |
| 2020-26-3 | | 10/8 | Hreinsun | Leður-bútur | Leður | 26 | 24 | 1 | <1 | Þríhyrndur leðurbútur. |
| 2020-26-4 | | 10/8 | Hreinsun | Steinn | Steinn | 20 | 15 | 14 | 4 | Grænn steinn, mögulega jaspis. |
| 2020-26-5 | | 10/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 63 | 13 | | 9 | |
| 2020-26-6 | | 10/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 54 | 35 | | 12 | |
| 2020-26-7 | | 10/8 | Hreinsun | Glerbrot | Gler | 34 | 17 | 1 | 7 | Grænt, kúpt glerbrot. Flöskugler. |
| 2020-26-8 | | 10/8 | Hreinsun | Steinn | Steinn | 15 | 12 | 9 | 15 | Hvítur, mattur steinn. |
| 2020-26-9 | | 10/8 | Hreinsun | Krítar-Pípa | Leir | 30 | 4 | | 16 | Óskreyttur krítarpípuleggur. |
| 2020-26-10 | | 10/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 39 | 20 | | 14 | |
| 2020-26-11 | | 11/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 10 | | 8 | |
| 2020-26-12 | | 11/8 | Hreinsun | Korkur | Viður | 42 | 30 | 30 | 8 | |
| 2020-26-13 | | 11/8 | Hreinsun | Leður-bútur | Leður | 120 | 11 | 1 | 9 | |
| 2020-26-14 | | 11/8 | Hreinsun | Steinn | Steinn | 24 | 19 | 9 | 7 | Grænn steinn. Hugsanlega jaspis. |
| 2020-26-15 | | 11/8 | Hreinsun | Múr-steinn | Leir | 34 | 27 | 14 | 18 | Brot út hvítum múrstein. |
| 2020-26-16 | | 11/8 | Hreinsun | Bein | Bein | 25 | 12 | 1 | 2 | Brot út beini. Mögulega unnið. |
| 2020-26-17 | | 11/8 | Hreinsun | Steinn | Steinn | 14 | 12 | 7 | 3 | Glær steinn. Holufylling. |
| 2020-26-18 | | 11/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 41 | 11 | | 8 | |
| 2020-26-19 | | 11/8 | Hreinsun | Textíl-bútur | Textíll | 110 | 20 | 1 | 9 | Aflangur, svartur textílbútur. |
| 2020-26-20 | | 11/8 | Hreinsun | Leður-bútur | Leður | 44 | 12 | 1 | 3 | Tveir bútar úr leðuról. |

| | | | | | | | | | |
|------------|------|----------|-------------------|---------|----|----|----|-----|--|
| 2020-26-21 | 11/8 | Hreinsun | Járn- bútur | Járn | 44 | 10 | 1 | <1 | Flatur járnútur. |
| 2020-26-22 | 11/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 13 | | 6 | |
| 2020-26-23 | 11/8 | Hreinsun | Krítar- Pípa | Leir | 44 | 5 | | <1 | Tvö brot úr Krítarpípulegg. |
| 2020-26-24 | 11/8 | Hreinsun | Leður- bútur | Leður | 44 | 41 | 1 | 4 | Príhyrndur leðurbútur. |
| 2020-26-25 | 11/8 | Hreinsun | Leður- bútur | Leður | 44 | 33 | 1 | 10 | Bútur út leðuról með tveimur götum. |
| 2020-26-26 | 11/8 | Hreinsun | Leður- bútur | Leður | 44 | 4 | 1 | 3 | Bútur út leðuról. |
| 2020-26-27 | 11/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 15 | | 8 | |
| 2020-26-28 | 11/8 | Hreinsun | Textíl- bútur | Textíll | 44 | 25 | 3 | 2 | |
| 2020-26-29 | 11/8 | Hreinsun | Textíl- bútur | Textíll | 44 | 40 | 5 | 14 | |
| 2020-26-30 | 11/8 | Hreinsun | Járn- stöng | Járn | 44 | 20 | | 312 | |
| 2020-26-31 | 11/8 | Hreinsun | Krítar- Pípa | Leir | 44 | 5 | | 5 | Brot úr krítarpípulegg. |
| 2020-26-32 | 11/8 | Hreinsun | Textíl- bútur | Textíll | 44 | 30 | | 21 | Þrír textílbútar. |
| 2020-26-33 | 11/8 | Hreinsun | Bein | Bein | 44 | 28 | 13 | 15 | Brot úr langbeini. |
| 2020-26-34 | 11/8 | Hreinsun | Leður- bútur | Leður | 44 | 13 | 1 | 34 | Bútur úr leðuról. |
| 2020-26-35 | 11/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 10 | 39 | 15 | |
| 2020-26-36 | 11/8 | Hreinsun | Glerbrot | Gler | 44 | 19 | 1 | 7 | Litlaust, flatt glerbrot. Rúðugler. |
| 2020-26-37 | 11/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 20 | | 14 | |
| 2020-26-38 | 11/8 | Hreinsun | Leirkers- brot | Leir | 44 | 46 | 1 | 22 | Brot úr diskí úr hvítleir. Óskreytt með hvítum glerungi. |
| 2020-26-39 | 11/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 12 | | 11 | |
| 2020-26-40 | 11/8 | Hreinsun | Kopar- bútur | Kopar | 44 | 11 | 1 | <1 | Flatur koparbútur. |

| | | | | | | | | | | | |
|------------|-------|-------|------|----------|--------------------|---------|----|----|----|-----|--|
| 2020-26-41 | | | 11/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 22 | | 20 | |
| 2020-26-42 | | | 11/8 | Hreinsun | Bein | Bein | 44 | 21 | 11 | 5 | |
| 2020-26-43 | | | 13/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 23 | | 22 | |
| 2020-26-44 | | | 13/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 14 | | 28 | Tveir járnaglar. |
| 2020-26-45 | | | 13/8 | Hreinsun | Hnappur | Kopar | 44 | 15 | 6 | 4 | |
| 2020-26-46 | | | 13/8 | Hreinsun | Snæri | Textíll | 44 | | 1 | 2 | Svart snæri. |
| 2020-26-47 | | | 13/8 | Hreinsun | Krítar- Pípa | Leir | 44 | | 2 | 3 | Brot úr krítarpípulegg. |
| 2020-26-48 | | | 13/8 | Hreinsun | Leður- bútur | Leður | 44 | 30 | 4 | 3 | |
| 2020-26-49 | | | 13/8 | Hreinsun | Leirkers- -brot | Leir | 44 | 17 | 1 | <1 | Með glerungi. |
| 2020-26-50 | | | 13/8 | Hreinsun | Steinn | Steinn | 44 | 18 | 5 | <1 | Grænn steinn. |
| 2020-26-51 | | | 13/8 | Hreinsun | Málm- bútur | Málmur | 44 | 26 | 20 | 103 | |
| 2020-26-52 | | | 13/8 | Hreinsun | Krítar- Pípa | Leir | 44 | 7 | | <1 | Brot úr krítarpípulegg. |
| 2020-26-53 | | | 13/8 | Hreinsun | Kopar- bútur | Kopar | 44 | 12 | 1 | 9 | |
| 2020-26-54 | | | 13/8 | Hreinsun | Leirkers- -brot | Leir | 44 | 15 | 4 | 5 | Hvít leirkersbrot með glerungi. |
| 2020-26-55 | | | 13/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 4 | | 5 | |
| 2020-26-57 | | | 13/8 | Hreinsun | Nagli | Járn | 44 | 15 | | 23 | Tveir járnaglar. |
| 2020-26-58 | | | 13/8 | Hreinsun | Ávaxta- steinar | Lífrænt | 44 | 11 | 4 | <1 | Sex ávaxtasteinar. Sennilega úr sveskjum. |
| 2020-26-59 | 16837 | 16461 | 13/8 | Hreinsun | Rafperla | Raf | 44 | 7 | | <1 | Rafperla. Mögulega bænaþerla. |
| 2020-26-60 | 15465 | 15445 | 13/8 | 10-B | Kopar- bútur | Kopar | 44 | 5 | 1 | <1 | |
| 2020-26-61 | 15466 | 15445 | 13/8 | 10-B | Nagli | Járn | 44 | 5 | | 9 | |
| 2020-26-62 | 15467 | 15445 | 13/8 | 10-B | Leirker- sbrot | Leir | 44 | 31 | 7 | 11 | Hvít leirkersbrot með glærum glerungi. |

| | | | | | | | | | | | |
|------------|-------|-------|------|---------------|-----------------|----------------|----|----|----|----|------------------------------------|
| 2020-26-63 | 15468 | 15445 | 13/8 | 10-B | Krókur | Járn | 44 | 14 | | 29 | |
| 2020-26-64 | 15469 | 15445 | 13/8 | 10-B | Steinn | Steinn | 44 | 6 | 2 | <1 | Grænn steinn. |
| 2020-26-65 | 15470 | 15445 | 13/8 | 10-B | Krítar- Pípa | Leir | 44 | 4 | | 2 | Brot úr krítarpípulegg. |
| 2020-26-66 | 15471 | 15445 | 13/8 | 10-B | Nagli | Járn | 44 | 24 | | 15 | |
| 2020-26-67 | 15472 | 15445 | 13/8 | 10-B | Bein | Manna- bein | | | | | Ýmis bein úr ungarbarni |
| 2020-26-68 | 15473 | 15445 | 13/8 | 10-B | Krítar- Pípa | Leir | 44 | 4 | | 2 | Brot úr krítarpípulegg. |
| 2020-26-69 | 15474 | 15445 | 13/8 | 10-B | Brýni | Kléberg | 44 | 12 | 1 | 5 | |
| 2020-26-70 | 15475 | 15445 | 13/8 | 10-B | Kopar -munur | Kopar | 44 | 59 | 13 | 92 | |
| 2020-26-71 | 15476 | 15445 | 13/8 | 10-B | Viðar- bútur | Viður | 44 | 16 | 11 | 11 | |
| 2020-26-72 | 15477 | 15445 | 13/8 | 10-B | Leður- bútur | Leður | 44 | 9 | 4 | 2 | Tveir aflangir leðurbútar. |
| 2020-26-73 | 15478 | 15445 | 13/8 | 10-B | Sylgja | Járn | 44 | 26 | 6 | | Lítill hringlaga sylgja. |
| 2020-26-74 | 15479 | 15445 | 13/8 | 10-B | Hnappur | Járn | 44 | 18 | 7 | 1 | |
| 2020-26-75 | 15480 | 15452 | 13/8 | 10-B | Steinn | Steinn | 44 | 18 | 10 | 4 | |
| 2020-26-76 | | | 12/8 | Gröf 15481 | Ýmsir gripir | | | | | | Ýmsir gripir úr steypugröf. |
| 2020-26-77 | | | 12/8 | Gröf 15481 | Leður- bútur | Leður | 40 | 40 | 4 | 7 | Hringlaga leðurbútur. |
| 2020-26-78 | | | 12/8 | Gröf 15481 | Ýmsir gripir | | | | | | Ýmsir gripir úr grafarfyllingu. |
| 2020-26-79 | 16031 | 15452 | 17/8 | 11-B | Leður- bútur | Leður | 39 | 13 | 1 | 3 | Aflangur leðurbútur með götum. |
| 2020-26-80 | 16032 | 15452 | 17/8 | 11-B | Steinn | Steinn | 29 | 19 | 19 | 10 | Hvítur steinn. Holufylling. |
| 2020-26-81 | 16033 | 15452 | 17/8 | 11-B | Steinn | Steinn | 15 | 15 | 10 | 2 | Hvítur steinn. Holufylling. |
| 2020-26-82 | 16034 | 15452 | 17/8 | 11-B | Nagli | Járn | 42 | 10 | | 7 | |

| | | | | | | | | | | | |
|-------------|-------|-------|------|------|---------------|---------|-----|----|----|----|--|
| 2020-26-83 | 16035 | 15452 | 17/8 | 11-B | Múrsteinsbrot | Leir | 34 | 24 | 9 | 4 | |
| 2020-26-84 | 16036 | 15452 | 17/8 | 11-B | Glerbrot | Gler | 45 | 21 | 1 | 5 | Tvö flöt, litlaus glerbrot. Rúðugler. |
| 2020-26-85 | 16037 | 15452 | 17/8 | 11-B | Nagli | Járn | 43 | 11 | | 10 | |
| 2020-26-86 | 16038 | 15452 | 17/8 | 11-B | Nagli | Járn | 59 | 11 | | 11 | |
| 2020-26-87 | 16039 | 15452 | 17/8 | 11-B | Glerbrot | Gler | 50 | 28 | 5 | 4 | Litlaust, flatt glerbrot. Rúðugler. |
| 2020-26-88 | 16040 | 15452 | 17/8 | 11-B | Leirkers-brot | Leir | 35 | 38 | 5 | 5 | Brot úr rauðleir með brúnum glerungi. |
| 2020-26-89 | 16041 | 15452 | 17/8 | 11-B | Glerbrot | Gler | 45 | 22 | 2 | 3 | Litlaust, flatt glerbrot. Rúðugler. |
| 2020-26-90 | 16042 | 15452 | 17/8 | 11-B | Leirkers-brot | Leir | 25 | 24 | 6 | 5 | Brot úr rauðleir með brúnum glerungi. |
| 2020-26-91 | 16043 | 15452 | 17/8 | 11-B | Viðar-bútur | Viður | 32 | 12 | 7 | 3 | |
| 2020-26-92 | 16044 | 15452 | 17/8 | 11-B | Krítarpípa | Leir | 41 | 6 | | 2 | Brot úr krítarpípulegg. |
| 2020-26-93 | 16045 | 15452 | 17/8 | 11-B | Textílbútur | Textíll | 136 | 35 | 20 | 41 | |
| 2020-26-94 | 16046 | 15452 | 17/8 | 11-B | Viðar-bútur | Viður | 54 | 21 | 15 | 6 | |
| 2020-26-95 | 16047 | 15452 | 17/8 | 11-B | Nagli | Járn | 54 | 26 | 18 | 20 | |
| 2020-26-96 | 16048 | 15452 | 17/8 | 11-B | Nagli | Járn | 54 | 24 | 12 | 11 | |
| 2020-26-97 | 16049 | 15452 | 17/8 | 11-B | Nagli | Járn | 44 | 19 | 11 | 18 | Tveir járnaglar. |
| 2020-26-98 | 16050 | 15452 | 17/8 | 11-B | Leður-bútur | Leður | 130 | 39 | 5 | 14 | |
| 2020-26-99 | 16051 | 15452 | 17/8 | 11-B | Koparbútur | Kopar | 20 | 10 | 2 | 2 | |
| 2020-26-100 | 16451 | 16016 | 18/8 | 12-B | Krítarpípa | Leir | 22 | 7 | | 2 | Brot úr krítarpípulegg. |
| 2020-26-101 | 16452 | 16016 | 18/8 | 12-B | Leirkers-brot | Leir | 34 | 27 | 7 | 8 | Brot úr barmi íláts úr jarðleir. Að innanverðu er rauðbrúnn glerungur. |

| | | | | | | | | | | | | |
|-------------|-------|-------|------|------|---------------|------------|-----|----|----|----|--|--|
| | | | | | | | | | | | | Að utanverðu er enginn glerungur en upphleyptar rendur. |
| 2020-26-102 | 16453 | 16016 | 18/8 | 12-B | Leður-bútur | Leður | 66 | 17 | 3 | <1 | | |
| 2020-26-103 | 16454 | 16016 | 18/8 | 12-B | Steinn | Steinn | 24 | 12 | 10 | 3 | | Tveir grænir steinar. |
| 2020-26-104 | 16455 | 16016 | 18/8 | 12-B | Dýrabein | Bein | 91 | 16 | 14 | 13 | | |
| 2020-26-105 | 16456 | 16016 | 18/8 | 12-B | Leirker-sbrot | Leir | 14 | 13 | 5 | 1 | | Lítið brot úr rauðleir með brúnum glerungi. |
| 2020-26-106 | 16457 | 16016 | 18/8 | 12-B | Leirkers-brot | Leir | 24 | 21 | 4 | 5 | | Brot úr rauðleir með glerungi. |
| 2020-26-107 | 16458 | 16016 | 18/8 | 12-B | Gler-brot | Gler | 14 | 6 | 2 | <1 | | Lítið litlaust glerbrot með rauðu ámáluðu skreyti. |
| 2020-26-108 | 16459 | 16016 | 18/8 | 12-B | Textíl-bútur | Textíll | 109 | 60 | 3 | 6 | | |
| 2020-26-109 | 16460 | 16016 | 18/8 | 12-B | Leður-bútur | Leður | x | x | x | x | | |
| 2020-26-111 | 16800 | 16461 | 19/8 | 1-C | Dýrabein | Bein | 44 | 38 | 8 | 12 | | Tvö brot úr dýrabeini og tvær tennur. |
| 2020-26-112 | 16801 | 16461 | 19/8 | 1-C | Óþekkt | Óþekkt | 10 | 9 | | 4 | | Tveir bútar úr óþekktu efni. Mögulega blýkúlur. |
| 2020-26-113 | 16802 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 44 | 17 | | 3 | | |
| 2020-26-114 | 16803 | 16461 | 19/8 | 1-C | Járn-bútur | Járn | 24 | 24 | 12 | 7 | | Sennilega höfuð af nagla. |
| 2020-26-115 | 16804 | 16461 | 19/8 | 1-C | Festing | Kopar | 24 | 20 | | 5 | | |
| 2020-26-116 | 16805 | 16461 | 19/8 | 1-C | Járn-bútur | Járn | 59 | 27 | 6 | 18 | | |
| 2020-26-117 | 16806 | 16461 | 19/8 | 1-C | Óþekkt | Óþekkt | 36 | 25 | 3 | 6 | | |
| 2020-26-118 | 16807 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 34 | 15 | | 5 | | |
| 2020-26-119 | 16808 | 16461 | 19/8 | 1-C | Perla | Svartar af | 10 | 8 | 6 | 1 | | Hálf perla úr svartarafi (tálgukoli). Mögulega bænaperla. |

| | | | | | | | | | | | |
|-------------|-------|-------|------|-----|-----------------|------------------|-----|----|----|-------------------------|--|
| 2020-26-120 | 16809 | 16461 | 19/8 | 1-C | Snæri | Textíll | 94 | 3 | 3 | Nokkrir bútar út snæri. | |
| 2020-26-121 | 16810 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 32 | 20 | 8 | 7 | |
| 2020-26-122 | 16811 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 45 | 17 | 13 | 8 | |
| 2020-26-123 | 16812 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 74 | 13 | 13 | | |
| 2020-26-124 | 16813 | 16461 | 19/8 | 1-C | Krítar- pípa | Leir | 54 | 10 | 10 | Brot úr krítarpípulegg | |
| 2020-26-125 | 16814 | 16461 | 19/8 | 1-C | Brýni | Kléberg | 66 | 21 | 5 | 21 | Brotið brýni. |
| 2020-26-126 | 16815 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 25 | 25 | 6 | 6 | |
| 2020-26-127 | 16816 | 16461 | 19/8 | 1-C | Óþekkt | Kopar | 16 | 14 | 1 | 2 | Lítill koparhringur og hringlaga koparplata. |
| 2020-26-128 | 16817 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 52 | 24 | 14 | | |
| 2020-26-129 | 16818 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 38 | 12 | 12 | 4 | |
| 2020-26-130 | 16819 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 52 | 24 | 15 | 14 | |
| 2020-26-131 | 16820 | 16461 | 19/8 | 1-C | Perla | Raf | 7 | 9 | 9 | <1 | Rafperla. Mögulega bænaþerla. |
| 2020-26-132 | 16821 | 16461 | 19/8 | 1-C | Málm- bútur | Koparb- landa | 29 | 26 | 2 | 2 | Ferkantaður málmútur með gati. |
| 2020-26-133 | 16822 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 39 | 10 | 8 | 3 | |
| 2020-26-134 | 16823 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 32 | 17 | 31 | 8 | |
| 2020-26-135 | 16824 | 16461 | 19/8 | 1-C | Leður- bútur | Leður | 67 | 14 | 5 | 7 | |
| 2020-26-137 | 16826 | 16461 | 19/8 | 1-C | Gler- brot | Gler | 72 | 12 | 2 | 5 | Litlaust, flatt glerbrot. Rúðugler. |
| 2020-26-138 | 16827 | 16461 | 19/8 | 1-C | Leður- bútur | Leður | 152 | 16 | 4 | 16 | Tveir aflangir leðurbútar. |
| 2020-26-139 | 16828 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 38 | 23 | 10 | 10 | |
| 2020-26-140 | 16829 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Kopar | 22 | 17 | 19 | 14 | Koparnagli með ferköntuðu höfði. |
| 2020-26-141 | 16830 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 40 | 27 | 14 | 9 | |

| | | | | | | | | | | | |
|-------------|-------|-------|------|-----|-------------------|------------------|----|----|----|----|---|
| 2020-26-142 | 16831 | 16461 | 19/8 | 1-C | Næfur | Börkur | 72 | 27 | 1 | 8 | |
| 2020-26-143 | 16832 | 16461 | 19/8 | 1-C | Óþekkt | Blý | 26 | 14 | 16 | 23 | |
| 2020-26-144 | 16833 | 16461 | 19/8 | 1-C | Nagli | Járn | 55 | 30 | 30 | 38 | |
| 2020-26-145 | 16834 | 16461 | 19/8 | 1-C | Skreyti | Kopar | 89 | 40 | 1 | 12 | Koparstafir. |
| 2020-26-146 | 16835 | 16461 | 19/8 | 1-C | Dýra- tennur | Bein | 37 | 18 | 2 | 17 | Nokkur brot úr dýratönnum. |
| 2020-26-147 | 17949 | 16786 | 20/8 | 2-C | Óþekkt | Óþekkt | 50 | 35 | <1 | 2 | |
| 2020-26-148 | 17950 | 16786 | 20/8 | 2-C | Óþekkt | Járn | 81 | 10 | 10 | 13 | |
| 2020-26-149 | 17951 | 16786 | 20/8 | 2-C | Óþekkt | Járn/tex tíll | 79 | 20 | 14 | 26 | |
| 2020-26-150 | 17952 | 16786 | 20/8 | 2-C | Óþekkt | Kopar | 39 | 7 | 3 | 5 | |
| 2020-26-151 | 17953 | 16786 | 20/8 | 2-C | Leirkers- brot | Leir | 17 | 13 | 4 | 6 | Brot úr rauðleir með grænum glerungi. |
| 2020-26-152 | 17954 | 16786 | 20/8 | 2-C | Brýni | Kléberg | 52 | 15 | 4 | 10 | Brotið brýni. |
| 2020-26-153 | 17955 | 16786 | 20/8 | 2-C | Nagli | Járn | 47 | 17 | 9 | 10 | |
| 2020-26-154 | 17956 | 16786 | 20/8 | 2-C | Nagli | Járn | 30 | 17 | 17 | 11 | |
| 2020-26-155 | 17957 | 16786 | 20/8 | 2-C | Nagli | Járn | 55 | 20 | 10 | 15 | |
| 2020-26-156 | 17958 | 16786 | 20/8 | 2-C | Járn- bútur | Járn | 36 | 18 | 12 | 10 | |
| 2020-26-157 | 17959 | 16786 | 20/8 | 2-C | Óþekkt | Óþekkt | 44 | 15 | 8 | 14 | |
| 2020-26-158 | 17960 | 16786 | 20/8 | 2-C | Leirkers- brot | Leir | 39 | 24 | 9 | 10 | Brot úr rauðleir með hvítu og grænu skreyti. |
| 2020-26-159 | 17961 | 16786 | 20/8 | 2-C | Krítarpí- pa | Leir | 21 | 6 | 6 | 2 | Brot úr krítarpípurlegg. |
| 2020-26-160 | 17962 | 16786 | 20/8 | 2-C | Kopar- bútur | Kopar | 20 | 4 | 4 | <1 | |
| 2020-26-161 | 17963 | 16786 | 20/8 | 2-C | Krókur | Járn | 54 | 31 | 8 | 8 | |
| 2020-26-162 | 17964 | 16786 | 20/8 | 2-C | Kopar- skreyti | Kopar | 30 | 21 | 3 | 3 | Koparbútur með gati. Einhvers konar skreyti, mögulega af bók. |

| | | | | | | | | | | | |
|-------------|-------|-------|------|-----|-------------------|---------|-----|----|----|-----|--|
| 2020-26-163 | 17965 | 16786 | 20/8 | 2-C | Nagli | Járn | 67 | 15 | | 20 | |
| 2020-26-164 | 17967 | 16786 | 20/8 | 2-C | Járn- bútur | Járn | 40 | 21 | 14 | 18 | |
| 2020-26-165 | 17968 | 16786 | 20/8 | 2-C | Leirkers- brot | Leir | 25 | 24 | 4 | 7 | Brot úr íláti úr hvítleir. Með gulleitum glerungi að innanverðu. |
| 2020-26-166 | 17969 | 16786 | 20/8 | 2-C | Nagli | Járn | 44 | 15 | 10 | 11 | |
| 2020-26-167 | 17970 | 16786 | 20/8 | 2-C | Viðarsý- ni | | | | | | |
| 2020-26-168 | 17971 | 16786 | 20/8 | 2-C | Nagli | Járn | 42 | 24 | 15 | 12 | |
